

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við þágildandi skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Bláskógabyggðar eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi íbúðabyggðar Eflingar í Reykholti.*
Í breytingunni felst að í stað 7 raðhúsa má reisa 7 einbýlishús auk þess sem skilmálar 2., 4. og 13. gr. breytast þannig að bílastæði verða tvö í stað þriggja á lóð og húsagerð er frjáls. Samþykkt í sveitarstjórn 4. nóvember 2010.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar að Tortu.*
Í breytingunni felst að byggingarreitir eru stækkaðir og nýtingarhlutfall skal ekki fara upp fyrir 0,03. Mest hæð útveggja er 2,7 m og þakhalli skal vera á bilinu 15-30 gráður. Hámarkshæð húsa er 5 m og heimilt er að reisa allt að 30 m² verkfærageymslu/gestahús við bústað. Samþykkt í sveitarstjórn 2. september 2010.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 28. febrúar 2011.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.